



Kópavogi 31. mars 2025

25011097

Starfsáætlun Vinnuskóla Kópavogs 2025

Í kjarasamningum Kópavogsbæjar við Starfsmannafélag Kópavogs og Starfsmannafélags Kópavogs (SFK) er kveðið á um að fyrir starfsemi Vinnuskóla skuli gera skriflega áætlun þar sem fram komi helstu viðfangsefni, vinnutími og skipulag þjálfunar og fræðslu.

Í starfsáætlunin Vinnuskóla Kópavogs 2025 eru gerðar tillögur um fyrirkomulag þessara mála. Áætlunin byggir á starfseminni eins og hún var 2024 og gerð var tillaga um í fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir 2024.

Vinnutími

Starfstímabil 14 og 16 ára (fædd 2009 og 2011) verði þrískipt og hver umsækjandi geti valið tvö þriggja vikna tímabil. Fyrsta tímabilið er frá 10. júní til 4. júlí, annað tímabilið frá 5. júlí til 17. júlí og það þriðja frá 21. júlí til 8. ágúst.

Starfstímabil 15 ára (fædd 2010) verði þrískipt og hver umsækjandi geti valið tvö þriggja vikna tímabil. Fyrsta tímabilið er frá 10. júní til 26. júní, annað tímabilið frá 30. júní til 17. júlí og það þriðja frá 21. júlí til 8. ágúst.

Á hverju tímabili hjá nemendum fæddum 2009 og 2011 verði 11 vinnudagar en hjá nemendum fæddum 2010 verði þeir 9, sjá töflu 1.

Starfstímabil 17 ára (fædd 2008) verði þrískipt og hver umsækjandi geti valið tvö af fjórum tímabilum. Fyrsta tímabilið er frá 27. maí til 14. júní, annað tímabilið frá 18. júní til 9. júlí og það þriðja frá 10. júlí til 31. júlí. Á hverju tímabili eru 13 vinnudagar, sjá töflu 1. Reynt verður eftir fremsta megni að koma öllum 17 ára ungmennum til starfa utan garðyrkju og munu tímabil þar af leiðandi ekki koma til notkunar.

	17 ára	16 ára	15 ára	14 ára
2. til 6. júní	Mánudagur til fimmtudags			
9. til 13. júní	Þriðjudagur til fimmtudags	Þriðjudagur til fimmtudags	Þriðjudagur til fimmtudags	Þriðjudagur til fimmtudags
16. til 20. júní	Mánudagur og fimmtudagur	Mánudagur, miðvikudagur og fimmtudags	Mánudagur, miðvikudagur og fimmtudagur	Mánudagur, miðvikudagur og fimmtudags
23. til 27. júní	Mánudagur til fimmtudags	Mánudagur til fimmtudags	Þriðjudagur til fimmtudags	Mánudagur til fimmtudags
30. júní til 4. júlí	Mánudagur til fimmtudags	Mánudagur	Þriðjudagur til fimmtudags	Mánudagur
30. júní til 4. júlí		Þriðjudagur til fimmtudags		Þriðjudagur til fimmtudags
7. til 11. júlí	Mánudagur til miðvikudags	Mánudagur til fimmtudags	Þriðjudagur til fimmtudags	Mánudagur til fimmtudags
14. til 18. júlí	Mánudagur til fimmtudagur	Mánudagur til fimmtudags	Þriðjudagur til fimmtudags	Mánudagur til fimmtudags
21. til 25. júlí	Mánudagur til fimmtudags	Mánudagur til fimmtudags	Þriðjudagur til fimmtudags	Mánudagur til fimmtudags
28. júlí til 1 ágúst	Mánudagur til föstudags	Mánudagur til fimmtudags	Þriðjudagur til fimmtudags	Mánudagur til fimmtudags
4. til 8. ágúst		Þriðjudagur til fimmtudags	Þriðjudagur til fimmtudags	Þriðjudagur til fimmtudags

Tafla 1. Starfstímabil, tíma-, vinnustunda- og dagafjöldi 2025, allir nemendur geta valið um tvö tímabil af þremur.

Umsóknir

Opnað verði fyrir umsóknir þann 1. apríl á heimasíðu Kópavogsbæjar og er umsóknarfrestur til og með 15. maí. Á þessum tíma verður hægt að velja þau tímabil sem henta umsækjendum best. Mikilvægt er að sem flestir skrái sig á þessu tímabili þar sem vinnsla umsókna þeirra sem fara í annað en hefðbundna garðvinnu hefst um leið og umsóknarfresti lýkur.

Eftir að umsóknarfresti er lokið verður farið að raða nemendum á vinnustaði með áherslu á nemendur á 16. og 17. ári. Þeir nemendur á þessum aldri sem sækja um eftir að umsóknarfresti lýkur verður eingöngu boðið starf í garðyrkju nema önnur störf losni áður en starfið hefst að sumri.

Eins og áður segir verður tekið við umsóknum eftir auglýstan umsóknarfrest en þá er ekki hægt að ganga út frá því að fá þau tímabil sem valin eru.

Fræðsluáætlun

Fræðsluáætlun fyrir starfsfólk er eftirfarandi:

Frá 26. maí til 6. júní verða flokkstjórar Vinnuskólans í fræðslu til að undirbúa starf sitt hjá Vinnuskólanum. Námskeiðin sem flokkstjórar taka eru m.a. skyndihjálp, meðhöndlun verkfæra, leiðtogafærni og fleira.. Einnig eru fundir og önnur erindi flutt þessar vikurnar.

Fræðsluáætlun fyrir nemendur er eftirfarandi:

Hefur Vinnuskólinn í samstarfi við frístundadeild að taka að sér jafningjafræðslu. Munu nemendur Vinnuskólans í samstarfi við sumarstarfsmenn frístundadeildar sjá um þá jafningjafræðslu er hitt húsið hefur séð um undanfarin ár. Með þessu fyrirkomulagi mun Vinnuskólinn geta stóraukið jafningjafræðslu og komið henni fyrir í öllum árgöngum að þeim elsta undanskildum.

Skógræktarfélag Kópavogs veitir nemendum á aldrinum 16 til 17 ára fræðslu um skógrækt í landi Kópavogs. Síðar fara þessir sömu hópa á skógræktarsvæði og aðstoða við landgræðslu. Auk þess sem 15 ára nemendur fara á skógræktarsvæði í landgræðslu.

Alþýðusamband Íslands kemur og ræðir við alla nemendur á 15 og 16 ári um hlutverk þeirra, réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Var þessi fræðsla keyrð í fyrsta skiptið árið 2017 og tókst mjög vel til með hana.

Hefur verið samið við Kristján Hafþórsson, umsjónarmanns Jákastsins að heimsækja alla nemendur 8. bekkjar í sumar. Verður hann þar með fræðslu um jákvæði og almennt heilbrigt líf.

Undanfarin ár hafa Sniglarnir (Bífhjólasamtök) komið í heimsókn í Vinnuskólann og voru með fræðslu er varðar notkun á létt bífhjólum. Fyrirhugað er að fá slíka fræðslu aftur sumarið 2024.

14 ára (fædd 2011) – nánari vinnutilhögun

Unnið verður 3,25 tíma á dag, yfirleitt 4 daga vikunnar (13 tímar á viku), allt að 71,5 vinnustund alls. Daglegur vinnutími verður 8:15 – 11:30 aðra vikuna og 12:30 – 15:45 hina vikuna.

Hefur Vinnuskólinn undanfarin árin unnið í samstarfi við íþróttafélögin og önnur félög um það hvernig skipt er í vinnuhópa. Hefur það verið með því sniði að æfingum annars kynsins er stillt upp fyrir hádegi og gagnstæðu kyni eftir hádegi. Það hefur veitt okkur möguleika á að raða börnum í þá hóp sem hentar eftir því. Hefur verið mikil ánægja með þessa breytingu hjá foreldrum.

Helstu viðfangsefni

Hirðing skólalóða og opinna svæða í viðkomandi skólahverfi. Beða og rusla hreinsun, sópun, rakstur (þó ekki í gatnaumhverfi) og annað tilfallandi.

Unnið í 10 – 15 manna hópum, skipt eftir hverfum. Hver flokkstjóri hefur umsjón með tveimur hópum, öðrum fyrir hádegi og hinum eftir hádegi.

Fræðsla og afþreying

Gert ráð fyrir tveimur fræðslu- og afþreyingardögum.

Fræðsla um markmið og gott líferni.

Fræðsludagur um plast og skaðsemi þess á umhverfið.

Umhverfisfræðsla á vegum umhverfisfulltrúa Kópavogsbæjar.

Á vinnutíma: Önnur umhverfisfræðsla auk fræðslu um vinnu og markmið Vinnuskólans sem er í umsjón starfsmanns Vinnuskólans. Fræðsla um notkun létt bifhjóla.

15 ára (fædd 2010) – nánari vinnutilhögun

Unnið verður 6,5 tíma á dag, yfirleitt 3 daga vikunnar (19.5 tímar á viku), allt að 117 vinnustundir alls. Daglegur vinnutími verður 8:15 – 11:30 og 12:30 – 15:45.

Helstu viðfangsefni

Hirðing skólalóða, opinna svæða og snyrting göngustíga í viðkomandi skólahverfi. Beða og rusla hreinsun, sópun, rakstur rakstur (þó ekki í gatnaumhverfi) og annað tilfallandi.

Unnið í 10 – 15 manna hópum, skipt eftir hverfum. Hver flokkstjóri hefur umsjón með einum hóp.

Fræðsla og afþreying

Gert ráð fyrir þremur fræðslu- og afþreyingardögum.

Umhverfisfræðsla á vegum umhverfisfulltrúa Kópavogsbæjar.

Á vinnutíma: Önnur umhverfisfræðsla auk fræðslu um vinnu og markmið Vinnuskólans sem er í umsjón starfsmanns Vinnuskólans. Fræðsla um notkun létt bifhjóla. Einnig er áætlað að vera í samstarfi við sjómannaskóla HA um móttöku nemenda sem það vilja.

16 ára (fædd 2009) – nánari vinnutilhögun

Unnið verður 6,5 tíma á dag, yfirleitt 3 daga vikunnar (26 tímar á viku), allt að 143 vinnustundir alls. Daglegur vinnutími verður 8:15 – 11:30 og 12:30 – 15:45. Matartími telst utan vinnutíma og gert ráð fyrir að starfsmenn fari heim í mat.

Helstu viðfangsefni

Hirðing opinna svæða og snyrting göngustíga. Beða og rusla hreinsun, sópun, rakstur og annað tilfallandi. Aðstoð við félög og stofnanir.

Unnið í 8 – 12 manna hópum, skipt eftir hverfum. Einn flokkstjóri hefur umsjón með hverjum hóp.

Fræðsla og afþreying

Gert ráð fyrir fjórum fræðslu- og afþreyingardögum,

Farið í skógræktarferð í samvinnu við Skógræktarfélag Kópavogs. Fræðsla frá stéttarfélagi um réttindi og skyldur fólks á vinnumarkaðinn.

Umhverfisfræðsla á vegum umhverfisfulltrúa Kópavogsbæjar.

Á vinnutíma: Önnur umhverfisfræðsla auk fræðslu um vinnu og markmið Vinnuskólans sem er í umsjón starfsmanns Vinnuskólans. Fræðsla um notkun létt bifhjóla.

17 ára (fædd 2008) – nánari vinnutilhögun

Unnið verður 6,5 tíma á dag, 4 daga vikunnar (26 tímar á viku), allt að 169 vinnustundir alls. Daglegur vinnutími verði 8:15 – 11:30 og 12:30 – 15:45. Unnið verður einn föstudag á hverju tímabili og þá verður vinnutími 8:15 – 12:30. Matartími telst utan vinnutíma og gert ráð fyrir að starfsmenn fari heim í mat.

Helstu viðfangsefni

Garðyrkjustörf, umhirða opinna svæða, leikskólalóða og annarra stofnanalóða Aðstoð við félög og stofnanir. Reynt verður að koma sem flestum ungmennum á þessum aldri að hjá félögum og stofnunum.

Unnið í 8 – 12 manna hópum. Hóparnir hafa bækistöðvar þar sem hentar hverju sinni eftir því verkefni sem verið er að vinna.

Fræðsla og afþreying

Gert ráð fyrir fjórum fræðslu- og afþreyingardögum.

Umhverfisfræðsla á vegum umhverfisfulltrúa Kópavogsbæjar.

Á vinnutíma: Umhverfisfræðsla og skógræktarferð í samvinnu við Skógræktarfélag Kópavogs, fræðsla frá jafningjafræðslunni og fræðsla frá stéttarfélagi um réttindi og skildum fólk á vinnumarkaði. Fræðsla um notkun létt bifhjóla.

Vinnutími og laun

Laun og vinnutími unglinga er ákveðinn með sama hætti og undanfarin ár og er hlutfall af lægsta taxta í gildandi kjarasamningi Kópavogsbæjar og Starfsmannafélags Kópavogs. Um er að ræða laun í samræmi kjarasamninga.

	17 ára	16 ára	15 ára	14 ára
Vinnudagar	22	22	18	22
Vinnutími alls	143	143	117	71,5
Hlutfall af lágmarkslaunum		50%	40%	30%
Launataxti	2.660	1.517	1.213	910
Tekjumöguleikar	380.380	216.931	141.921	65.065
Tekjumöguleikar + orlof	429.982	245.219	160.427	73.549

Tafla 2. Vinnutími og laun 2025.

Fjárhagsáætlun

Við gerð fjárhagsáætlunar Vinnuskólans er unnið út frá því að nemendafjöldi Vinnuskólans verði sá sami og síðustu ár.

Launagreiðslur

Nemendum verða greidd laun þann 22. hvers mánaðar, eða síðasta virka dag þar á undan. Launatímabil nemenda verður frá 10. hvers mánaðar til og með 9. mánaðar þar á eftir.

Störf utan hefðbundinna garðyrkjustarfa

Líkt og undanfarin ár kemur Vinnuskólinn í Kópavogi til með að bjóða nemendum í tveimur elstu árgöngunum upp á nám utan hefðbundinnar garðyrkju. Hafa um 200 börn sinnt margskonar störfum á vegum Vinnuskólans og má þar nefna störf á leikjanámskeiðum íþrótt- og frístundafélaga, störf á leikskólum og störf á stofnunum fyrir eldri borgara. Í ár ætlum við að fjölga þessum störfum og útfæra þau í samræmi við fleiri aðila til að gefa börnum tækifæri á að kynnast vinnumarkaðnum á sem bestan veg.

Svavar Pétursson, Verkefnastjóri umhverfissviði.

